

1865.
12. okt.

löndum, sem siglingar eru milli og Íslands, að leggja ríkt á við skipstjórana, þá er þeir láta þá fá leiðarbréf, að hegða sér eptir ákvörðunum þeim, sem gilda á Íslandi um sóttvarnir, einkum opnu bréfi 28. marzmán. 1832, og bjóða þeim, ef nokkur skipverja verður veikur eða deyr á leiðinni til Íslands, og ekki er óhult um, að það sé ekki kólera, þá að gefa vísbinding um það, þegar þeir koma til landsins, með grænu flaggi úr siglutoppnum. Mun hins sama verða gætt, ef þörf gjörist, þegar menn fá leiðarbréf hér.

21. okt.

94. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um styrk handa Hafliða Eyjólfsyni úr Svefneyjum fyrir ferð hans til Björgvinar.

Með því að dómsmálastjórnin hefir veitt Hafliða Eyjólfsyni úr Svefneyjum í vesturumdæminu á Íslandi 200 ríkisdala styrk til þess að borga kostnað þann, er hann hefir haft af dvöl sinni við fiskisýninguna í Björgvín, og til að kaupa fyrir sýnishorn og mótforn af veidarfærum m. m., er hin heidraða fjárstjórn beðin að hlutast til um, að fê þetta verði greitt Reinhardt kansellíráði og skrifstofuforingja, er fengið hefir umboð til að taka við því og kvitta fyrir það, úr aðalféhirzlu ríkisins og að það sé tekið af fê því, er til er fært í 9. grein VI C í fjárhagslögnum.

d. Það sem varið er til reykinga meðan á sóttvarnarhaldinu stendur skal greiða eptir reikningi.

Um leið og stjórnardeildin þannig birtir nefndinni þetta, og að öðru leyti væntir þess, að nefndin breyti í öllu eptir því, sem skípað er hér að ofan, og eins eptir reglum þeim og ákvörðunum, er gefnar hafa verið út áður um sóttvarnarhald á Íslandi, skal þess að endingu getið, að stjórnardeildin mun sjá um, að auglýsingar sóttvarnarhaldsstjórnarinnar hér um sýkta stadi verði sendar nefndinni.

Stjórnardeild innanríkismálanna 5. dag júlímán. 1851.

Rosenörn.

Oddg. Stephensen.